

# SAFNANÆTURLEIKUR

Magnað myrkur



# SAFNANÓTT

Magnað myrkur

10. febrúar 2012

Svaraðu einni lauflettri spurningu og fáðu stimpil hjá þeim söfnum sem þú heimsækir á Safnanótt. Þeir sem svara þremur spurningum og safna þremur stimplum geta skilað þáttökumiða í þar til gerða kassa á söfnunum til miðnættis á Safnanótt.

- 1. vinningur** er ferð fyrir tvo í boði Icelandair til Seattle og passi á Seattle Art Museum. MPbanki, sérstakur bakhjarl Vetrarhátíðar, gefur vinningshafanum 30.000 kr. í gjaldeyri.
- 2. vinningur** er árskort í sundlaugar Reykjavíkur fyrir tvo.
- 3. vinningur** er Menningarkort Reykjavíkur fyrir tvo.

## Spurningar safnanna í Kópavogi:

### Bókasafn Kópavogs

Á Bókasafni Kópavogs er stytta af lesandi barni, sem jafnframt er merki (lógó) safnsins. Eftir hvern er stytta og í minningu hvers var hún gerð?

### Listasafn Kópavogs-Gerðarsafn

Hvað eru mörg verk á sýningunni sem ganga fyrir rafmagn?

### Náttúrufræðistofa Kópavogs

Hvaða fiskar á safninu hafa lúsiferín?

### Molinn – ungmennabús

Hvaða fyrrverandi forseti Bandaríkjanna prýðir verk á sýningunni í Molanum?

### Tónlistarsafn Íslands

Hvaða heimsfrægi erlendi tónlistarmaður af íslenskum ættum gaf Tónlistarsafni Íslands nýlega fyrsta hljóðfærið sitt?



WWW.SAFNANOTT.IS



WWW.KOPAVOGUR.IS

Safnanótt verður haldin á höfuðborgarsvæðinu föstudaginn 10. febrúar 2012. Í Kópavogi taka þátt Bókasafn Kópavogs, Gerðarsafn, Náttúrufræðistofa Kópavogs, Tónlistarsafn Íslands og Molinn með dagskrá fyrir gesti og gangandi frá klukkan 19:00 til 24:00. Vegna yfirstandandi flutninga tekur Héraðsskjalasafn Kópavogs ekki þátt í Safnanótt í ár.

Sveitarfélögin sem standa að Safnanótt eru Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kópavogur og eru söfnin samtals 43 sem opna dyr sínar og hafa aldrei verið fleiri.

Söfnin hafa lagt mikinn metnað í fjölbreytta dagskrá sem gestir á öllum aldri geta notið fram undir miðnætti.

Þema Safnanætur í ár er Magnað myrkur og mun það endurspeglast í sýningum safnanna.



Sérstakur Safnanæturstrætó mun ganga á milli safnanna og auðveldar gestum að heimsækja fjölmörg söfn á einu kvöldi.

Áætlun Safnanæturstrétós er að finna á heimasíðu safnanætur, [www.safnanott.is](http://www.safnanott.is).



10. febrúar 2012

# DAGSKRÁ SAFNANÆTUR Í KÓPAVOGI

## Bókasafn Kópavogs og Náttúrufræðistofa Kópavogs — Hamraborg 6a

19:30 Rússneskur barnakór syngur nokkur lög á 1. hæð.

20:00-21:00 Kolsvartar kjaftageljur – Hilmar J. Malmquist forstöðumaður

Náttúrufræðistofu Kópavogs flytur erindi um lúsifer og fleiri dökkleita djúpsjávarfiska í Kórnum á 1. hæð.

21:00 Jón Björnsson sálfræðingur og rithöfundur flytur erindi um myrk öfl í Kórnum á 1. hæð.

20:00-22:00 Spákonan Sírý Spá í Heita pottinum á 2. hæð.

22:00 Galdrastafir og virkni þeirra, Hilmar Örn allsherjargoði í Kórnum á 1. hæð.

23:00-24:00 Varsjárbandalagð á 1. hæðinni.  
19:00-24:00 Í anddyri Náttúrufræði-

stofunnar verða kjaftageljur til sýnis við skuggalegar aðstæður og brugðið upp myndum á vegg úr myrkum hafdjúpum.

19:00-24:00 Myndasýning í Hlaðvarpanum yfir stiganum milli 1. og 2. hæðar: myrkar verur, varúlfar, vættir og fleira. Bókalisti um efnið liggur frammi á safninu.

## *Molinn, Ungmennahús* — Hábraut 2

19:00-24:00 Sölusýning á verkum ungra listamanna sem tóku þátt í götulistrasmiðju Molans. Fjölbreytt verk, stensl og spray. Lífandi tónlist og Tríoíð Friends<sup>4</sup>ever.

## Listasafn Kópavogs-Gerðarsafn — Hamraborg 4

19:00 Leiðsögn um sýninguna Sæborgin: Kynjaverur og ókindur

20:00 Vélballlett á lóð Gerðarsafns í samstarfi við Listdansskóla Íslands.

21:00-22:00 Nemendur úr tónveri Tónlistarskóla Kópavogs frumflytja eigið rafverk.

22:00 – 24:00 Nexus kynnrir og sýnir

herkænskuleikinn Warmachine. Leiknum svipar til hins sígilda tindátaleiks Warhammer, en er spilaður með mun færri og stærri hermönnum og bardagar eru nákvæmari. Líkt og í Warhammer er stór hluti áhugamálsins að setja saman módel úr plasti og málmí og mála þau. Nexus verður með sýnikennslu og getur leyft gestum að prófa. Heimur Warmachine er svokallaður „steampunk“-heimur þar sem grófgerð gufuknúin tækni og galdrar blandast saman. Hann er uppfullur af vélmennum, kuklurum, ófreskjum og alls kyns ófögnuði. Þar ættu allir að finna sér eitthvað við hæfi.

## *Tónlistarsafn Íslands* — Hábraut 2

19:00-22:00 Tónlistarsafn Íslands verður með opið á Safnanótt frá kl. 19.-22. Kl.

20.00 verður myndin um Sveinbjörn

Sveinbjörnsson sýnd á stóru tjaldi í

safninu. Þá er sýningin um Sveinbjörn

enn opin. Allir velkomnir.